

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins í velferðarráði

Tillaga um að gerð verði könnun á líðan barna og námsástundun og árangur í þeim skólum sem hafa sett sér reglur um símalausan skóla annars vegar og hins vegar skólum sem leyfa notkun á sínum og niðurstöður beggja hópa bornar saman. Grunnskólar hafa sett sér reglur um símanotkun, sumir um algert símabann. Mikilvægt er að kanna nú hvort hægt sé að mæla mun á líðan og námsárangri og námsástundun barnanna eftir að reglur voru settar og hvort börn í símalausum skólum séu að koma betur út en börn í skólum sem ekki viðhafa símabann.

Greinargerð:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur ítrekað beitt sér í þessum málum og aðhyllist að banna eigi farsíma alfarið inn í skólastofunni þar sem sýnt hefur ítrekað að þeir valda nemendum truflun. Flokki fólksins finnst að skóla- og velferðarsvið hefðu átt að beita sér með meiri afgerandi hætti í þessu máli og setja miðlægar reglur um að inn í skólastofuna fari ekki farsími. Þess í stað er skóla- og frístundasvið að biða eftir niðurstöðum starfshóps á vegum barna- og menntamálaráðuneytisins sem nú er að störfum. Þessi mál eru borðleggjandi að mati Flokks fólksins. Það þarf bara að þora að taka ákvörðun enda hjápar ekki bið eða annar vingulsháttur í máli af þessu tagi. Staðfest hefur verið með fjölda rannsókna og kannana að sími truflar einbeitingu nemenda í námi. UNESCO hefur kallað eftir því að blátt bann verði lagt við notkun snjallsíma í skólum. Eitt af hverjum fjórum ríkjum heims hefur nú þegar orðið við þessu. Stofnunin segir að símnotkun barna í skólum auki á lærdómserfiðleika, einelti og almenna vanlíðan. Margir eru uggandi yfir hversu háðir nemendur eru sínum. Það er útilokað að vera með óskerta athygli á námi og samskiptum í skólastofunni með símann í augsýn. Það er freistandi að skoða símann þegar hann lýsist upp eða gefur frá sér veikt píp.